

## Fræðslunefnd

fundur mánudaginn 19. október 2009

Staður: Barnaból, Stekkur (við Hálsveg) Klukkan 17,00

Mætt eru Guðni, Sólveig og Sigurður Jóhannes auk Steinunnar skólastjóra og Sóleyjar leikskólakennara

### **Leikskólinn Barnaból**

-) Skýrsla skólastjóra leikskólans Barnabóls

Steinunn kynnti fyrirkomulagið í vetur varðandi viðfangsefni sem fara á í og mörg hver eru byrjuð. Eitt af því er Hljóm 2, verkfæri sem farið er að nota til að kanna hljóðkerfis- málvitund nemenda. Búið er að opna eigin heimasíðu á slóðinni leikskolinn.is/thorshofn. Skóladagatal og starfsáætlun voru kynnt og samþykkt af nefnd. Skólastjóri og leikskólakennari fóru á ráðstefnu í Reykjavík um tilfinningagreind.

### Til afgreiðslu:

- 1) Erindi frá leikskólastjóra um að ráða fastan afleysingakennara dags. 26/8  
Ljóst er að nú er tímabundið álag vegna ungabarns sem tekið var inn á Leikskólann til að leysa vandamál Grunnskólans. Málið hlaut töluverða umræðu, málavextir liggja fyrir og nefndin ákvað að vísa málinu til sveitarstjórnar til afgreiðslu.
- 2) Innkomið erindi vegna undanþágu frá reglu um aldur barns á leikskólanum. Um er að ræða barn sem er rétt árgamalt. Nefnd og skólastjóri sammála um ekki séu aðstæður til að verða við erindinu.

### Til kynningar:

- 3) Reglur um aldur barna og afgreiðslu undanþágubeiðna. Nefndin mælir með því að unnar séu reglur sem hægt er að nota til að styðjast við.
- 4) Bréf um Skólalæping SÍS 2/11-2009 á Hilton Nordica í Reykjavík. Málið kynnt.
- 5) Reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla. Málið kynnt og nokkrar umræður urðu í kjölfar þess. Nefndin óskar eftir að fá viðhaldsáætlun leikaskólans, þ.e. hvaða verkefni er brýnast að fara í.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19,00. Fundargerð þessi er ein bls.